

**Ed.**

**623. Frumvarp til laga**

[175. mál]

um breyting á lögum nr. 60/1957, um Háskóla Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed., 2. júní.)

**1. gr.**

a. 1. másl. 9. gr. laganna orðist þannig:

Í Háskóla Íslands eru þessar 6 deildir: guðfræðideild, læknadeild, lagadeild, heimspekideild, verkfræðideild og viðskiptadeild.

b. 3. másl. 9. gr. fellur niður.

**2. gr.**

1. mgr. 37. gr. laganna orðist þannig:

Við Háskóla Íslands eru þessi prófessorsembætti:

1. Í guðfræðideild 4,
2. í læknadeild 10,
3. í lagadeild 4,
4. í heimspekideild 8,
5. í verkfræðideild 5,
6. í viðskiptadeild 3.

**3. gr.**

Fyrsta málgrein 38. gr. orðist þannig:

Prófessorarnir í lyflæknisfræði og handlæknisfræði veita forstjórn lyflæknis- og handlæknisdeildum Landsspítalans, prófessorinn í geðlæknisfræði skal vera forstöðumaður geðveikrahælisins á Kleppi, unz komið hefur verið á fót fleiri sjúkradeildum fyrir geðveika, og prófessorinn í meinafræði veitir jafnframt forstöðu rannsóknarstofu í meinafræði. Prófessorinn í heilbrigðisfræði skal auk kennslunnar í þeirri grein annast heilbrigðislegar rannsóknir fyrir heilbrigðisstjórnina, þar á meðal mannelisrannsókir í samráði við mannelisráð. Prófessorinn í lyfjafræði hefur umsjón með kennslu í lyfjafræði lyfsala. Kennari í lyfjafræði lyfsala hefur jafnframt á hendi eftirlit með lyfjabúðum fyrir heilbrigðisstjórnina.

**4. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.